

Nd.

594. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Ólafsfjarðarkaupstað til að taka leigunámi lóð á landamerkjum Brimness og Hornbrekku.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Ólafsfjarðarkaupstað (Ólafsfjarðarhrepp) heimilast að taka leigunámi spildu, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður frá landamerkjum milli Brimness og Hornbrekku og 20 faðmar á breidd austur frá sjávarmáli, samkv. leigusamningi, dags. 11. júlí 1896, og viðbótarsamningi, dags. 1. júní 1922, við Gudmanns Efturfólgers verzlun á Akureyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna nauðsynlegra mannvirkja í sambandi við hafnargerð er Ólafsfirði nauðsyn að ná umráðarétti yfir landspildu þeirri, er hér um ræðir. Hreppsnefnd Ólafsfjarðar hefur nú þegar samið um kaup á landi ofangreindra jarða. Hins vegar hafa ekki tekist samningar um kaup á ofanefndri landspildu með viðunandi kjörum. Hefur því hreppsnefnd Ólafsfjarðar óskað hess, að frv. þetta verði flutt.

Nánar í fylgiskjali og framsögu.

Fylgiskjal.

Ég undirritaður, Sigurður Pálsson, Hofsósi, eigandi og umráðamaður jarðarinnar Brimness í Ólafsfirði, geri hér með vitanlegt, að ég leigi Gudmanns Efturfólgers verzlun á Akureyri lóð í landi nefndrar jarðar, sem er 60 faðmar á lengd í norður og suður frá landamerkjum milli Brimness og Hornbrekku og 20 faðmar á breidd austur frá sjávarmáli.

Hefur verzlunin rétt á að byggja hús á lóð þessari, verka fisk á henni, setja bryggju fram af henni og nota hana að öðru leyti á hvern þann hátt, sem henni þykir við eiga.

Í leigu fyrir lóðina borgar verzlunin árlega 30 krónur, sem borgist í peningum til jarðareiganda eða umboðsmanns hans fyrir 1. dag júlímánaðar ár hvert.

Undanskilinn leigusamningnum er allur reki hvala og viðar.

Leigusamningur þessi er óuppsegjanlegur frá leigjanda hálfu, en leigunautur getur sagt honum upp með missiris fyrirvara.

Hofsósi, 11. júlí 1896.

Sigurður Pálsson.

Vér undirritaðir, Þorvaldur Sigurðsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þorleifur Rögnvaldsson, eigendur og umráðamenn jarðarinnar Brimness í Ólafsfirði, og Páll Bergsson í Hrísey fyrir hönd Gudmanns Efturfólger í Ólafsfirði, gerum með oss svofelldan samning: Grunnur sá, er af eigendum nefndrar jarðar var leigður Gudm. Efturf. árið 1896, 60 faðmar á lengd frá merkjum Hornbrekkulands, norðaustur með sjó fram 20 faðmar á breidd, breytist þannig, að 20 × 20 faðmar af suðurenda grunnsins gengur til jarðeiganda aftur, en sama breidd og sama lengd bætist við norðurenda grunnsins, er Gudm. Efturf. fær fyrir sömu árleigu og með sömu skilyrðum og áður.